



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 18

Ágúst 1987

HAUSTFERÐ

Hin árlega "13. september ferð" félagsins í Jökulheima verður farin föstudaginn 11. september 1987 kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni H.F. (austurdyr).

Pátttaka tilkynnist til Stefáns Bjarnasonar vinnusími 686125 (heima 37392) eða Ástvalds Guðmundssonar vinnusími 686312.

Vorferð JÖRFI var að þessu sinni farin 17. - 27. júní sl. Tilgangur ferðarinnar var tvíþáttur, annars vegar til að flytja nýjan skála á Grímsfjall og hins vegar til að vinna að rannsóknum á Grímsvatnasvæðinu. Ferðin gekk í alla staði með eindæmum vel enda veður eins gott og hugsast getur. Lokið var við að ganga frá skálanum á Eystri Sváhnjúk þann 20. júní. Að því búnu var farin skemmtiferð á Öræfajökul og að þumli í blíðskapardeðri. Einnig var farið í Kverkfjöll til að kanna skemmdir á gluggum Kverkfjallaskála, en rúður og hlerar höfðu brotnað þegar hugsunarlausir ferðalangar lokaðu ekki nægilega vel á eftir séri. Farið var í íshellana á fyrstu dögum ferðarinnar en þann 26. júní höfðu þeir fallið saman.

Rannsóknarstörf gengu mjög vel og var eftirfarandi verkefnum sinnt:

1. Vatnshæð í vökkinni við Vatnshamar var mæld með hornamælingu og með loftþyngdarmáli. Hún reyndist vera 1379 m y.s. Hæð á miðri íshellunni við borstað var 1401 m y.s. og 1412 m y.s. við topp Naggs. Það gæti því tekið vatnsborðið 3-4 ár að ná þeirri hæð sem algengust var þegar hljóp úr Vötnunum á árunum 1954-1982.
2. Vetrarrafkoma í Grímsvötnum var mæld. Hún reyndist vera 4.78 m af snjó á miðri íshellunni, 5.17 m austan við Vötnin, en 4.75 og 4.21 m í tveim punktum norðan við þau.
3. Sýni voru tekin til samsætumælinga. Yfirborðssýni voru tekin á 6 km fresti frá Grímsfjalli að Hvannadalshnjúk. Borkjarnasýni voru tekin úr tveim holum norðan við Vötnin, einni holu á miðri íshellunni og annarri holu austan við Vötnin.
4. Viðhald á rafstöð, mæli- og senditækjum á Grímsfjalli. Útfellingar reyndust vera inni í kælibúnaðnum og höfðu stíflað rör. Kælivökvinna var tekin af, hreinsaður og settur á aftur.
5. Jarðskjálftamælir var rekinn á Vestari Sváhnjúk frá 18.- 26. júní. Hann skráði mikil af íshreyfingum í Vötnunum og hlíðum Grímsfjalls ásamt lágtíðni jarðhræringum. Orsakir þeirra eru ekki ljósar, en vonandi verður hægt að staðsetja þær með hjálp mælisins í Skaftafelli. Mælirinn skráði einnig dýnamít sprengingar í íshellunni.
6. Unnið var að íssjármælingum í Grímsvötnum, á sjálfri íshellunni og austan við hana. Árangur var mjög góður og náðust mælingar á því svæði

sem á vantaði til þess að unnt væri að ganga frá korti af Grímsvötnum, yfirborði jökulsins og íspykkt.

7. Boruð var 250 m löng hola með bræðslubor á miðri íshellunni. Það nægði þó ekki til að komast í gegnum hana, en talið er að þykktin sé nálægt 250 m.

8. Dýpt Vatnanna var mæld með endurkastsmælingum. Boraðar voru 30 m djúpar holur með bræðslubor og dýnamít sprengt í þeim. Botn Vatnanna virðist vera nærri 1050 m y.s. Einnig var bergið undir Vötnunum kannað með brotmælingum (refraktion). Loks var hljóðhraði í bergi undir vestanverðum Vatnajökli kannaður með stórsprengingum.

9. Fastmerki (1 m langt rör) var sett í klöpp efst á Saltaranum til þess að hægt sé að hæðarmæla með hornmælingu beint frá Nagg og snjógrýfjunni á miðri íshellunni og auðvelda þannig mælingar á hæð vatnsbordís við Vatnshamar. Hæð fastmerkisins er 1712 m y.s. miðað við 1722.5 m y.s. í landmælingapunkti milli skálanna. Hnit punktsins eru $64^{\circ}24.417'N$, $17^{\circ}16.038'W$ og Lambert hnit $x=464839.1$ og $y=434078.2$. Jónas Eliasson sá um mælingarnar.

10. Gosstöðvarnar frá 1983 voru kannaðar. Þar sást í vatn og rauk úr því og var brennisteinslykt á svæðinu. Einnig sást vel í eyjuna. Jardhiti hefur aukist til muna á Vestari Svíahnjúk eftir gosið og stígur gufa upp af austasta hluta hnjúksins.

Þessi leiðangur er sá umsvifamesti sem JÖRFI hefur staðið fyrir á Vatnajökli og afrakstur hans sýnir glöggt hve samstarf lærðra og leikra getur verið árangursríkt, en ásamt félögum úr JÖRFI unnu starfsmenn Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar að rannsóknastörfum.

Við flutning nýja skálans á Grímsfjall naut JÖRFI aðstoðar Vega-gerðarinnar, Landsvirkjunar, Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík og Hjálparsveitar skáta í Reykjavík. Stjórn JÖRFI metur mikils þann samhug sem ríkti í samstarfi við þessa aðila og aðstoð þeirra við að bæta rannsóknar- og björgunaraðstöðu á einu virkasta eldgosasvæði landsins, sem ógnar bæði vegum og virkjunum og þar sem menn mega búast við erfidum björgunarstörfum. /Margrét Ísdal.

SKÁLAR FÉLAGSINS

Eins og fram hefur komið flutti JÖRFI 60 fermetra hús á Grímsfjall í júní síðastliðnum. Grímsvatnaskálinn nýi verður læstur eins og nýrri skálinn í

Jökulheimum. Hægt er að fá þessa skála til afnota eins og alla aðra skála félagsins. Vegna sívaxandi ferða á jöklum, með tilkomu bættra farartækja, hefur stjórn JÖRFI fengið eftirtalda menn sem trúnaðarmenn félagsins. Geyma þeir lykla, leigja og taka við greiðslu fyrir gistingu í skálum félagsins:

Stefán Bjarnason	Guðmundur Márusson	Birkir Fanndal
Hæðargarði 54	Útgardí	Skúuhrauni 14
Reykjavík s. 91-37392	Varmahlíð s. 95-6127	Reykjahlíð s. 96-44188
Vilhelm Águst Ágústsson	Völundur Jóhannesson	
Stóragerði 16	Fjarðarhlíð 5	
Akureyri s. 96-23900	Egilssþöðum s. 97-11315	

Gistigjöldin eru nú kr 350 kr fyrir nótta í læstu skálunum, en kr. 250 í hinum.

JÖKULL

Jökull 36. árgangur kom út í maí og var þá sendur til þeirra félaga sem greitt höfðu félagsgjaldið. Þá var enn eftir stór hópur sem enn var í vanskilum og þó nokkrir skulduðu tvö eða fleiri árgjöld. Því var brugðið á það ráð að senda öllum sem voru í vanskilum árið 1986 tímaritið í póstkröfu. Óútleyst póstkrafa jafngildir úrsögn úr féluginu.

Jökull 37. árgangur er nú í vinnslu í prentsmiðju og er vonast til að það hefti komi út síðar á þessu ári.

ÁRSHÁTIÐ

Árshátíð félagsins verður að venju í nóvember að þessu sinni þann 7. í veitingahúsini Norðurljós (við Pórkaffi). Nánar auglýst síðar í fréttabréfi.